

Fimmtudaginn 14. október 1993.

Nr. 51/1990.

Jón Rafn Guðmundsson

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Samvinnutryggingum gt.

(Jón Finnsson hrl.).

Vinnusamningur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Gunnlaugur Claessen ríkislögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. febrúar 1990. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér 5.508.397 krónur með sömu dráttarvöxtum og greinir í héraðsstefnu, eftir að hún hafði verið leiðrétt þannig, að krafist er 22% ársvaxta frá 1. janúar til 1. mars 1986 í stað 13%. Áfrýjandi krefst höfuðstólsfærslu vaxta og iðgjalds í lífeyrissjóð með sama hætti og í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi lét af störfum hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga 30. apríl 1990 að undangenginni uppsögn. Við áfrýjun málsins hefur hann fallið frá kröfuliðum nr. 2 - 5 í héraðsstefnu, þ. e. kröfum um endurgjaldslaus afnot af bifreið, afslátt af tryggingaiðgjöldum, slysatryggingu og ókeypis ábyrgðar- og húftryggingu af eigin bifreið.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Fyrir héraðsdómi greindi áfrýjandi frá því, að við sig hefði verið gerður skriflegur ráðningarsamningur, þegar hann tók við starfi framkvæmdastjóra Líftryggingafélagsins Andvöku og Endurtryggingafélags Samvinnutrygginga hf. 15. maí 1974. Þessi samningur liggur ekki frammi í málinu, en hann mun ekki hafa fundist í fórum aðila. Að sögn áfrýjanda hafði hann einungis að geyma tvö atriði. Annað þeirra var um gagnkvæman sex mánaða uppsagnarfrest,

en hitt kvað á um, að „laun yrðu á hverjum tíma sem stjórnin ákvæði“.

Við starfslok áfrýjanda hjá þessum félögum 4. mars 1983 lýsti stjórn Samvinnutrygginga því yfir, „að hún mun ábyrgjast, að Jón njóti ekki lakari kjara við áframhaldandi störf innan samvinnu-hreyfingarinnar en þeirra, er hann hefði notið við að gegna áfram fyrrnefndum framkvæmdastjórastörfum“.

Í þessari samþykkt er enga vísbendingu að finna um viðmiðun við önnur tiltekin störf en áfrýjandi gegndi. Áfrýjandi hefur fyrst og fremst viljað taka mið af kjörum framkvæmdastjóra stefnda, en á síðari stigum einnig framkvæmdastjóra Sambands íslenskra samvinnufélaga. Eigi nýtur gagna í málinu um kjör þessara aðila eða áfrýjanda sjálfs á árunum fyrir 1983. Þá er þess að gæta, að framkvæmdastjóri stefnda tók við störfum áfrýjanda fyrir félögin tvö til viðbótar þeim störfum, er stöðu hans fylgdu. Umfang starfa hans og framkvæmdastjórastarfa áfrýjanda er því ekki sambærilegt eftir það, hvað sem áður kann að hafa verið. Þá þykir áfrýjandi ekki hafa sýnt fram á, að í samþykktinni frá 4. mars 1983 felist fyrirheit um, að miða skuli við kjör framkvæmdastjóra hjá öðru fyrirtæki, Sambandi íslenskra samvinnufélaga, en ekki liggur fyrir í málinu, hvernig laun þeirra voru samsett.

Áfrýjandi skýrði svo frá fyrir héraðsdómi, að sér hefði alltaf skilist, að framkvæmdastjórallaun sín hefðu verið miðuð við laun bankastjóra Landsbanka Íslands, en sum árin við laun hæstaréttardómara. Undir þetta hefur stefndi tekið. Ekki hefur verið sýnt fram á það, að grundvöllur þessarar viðmiðunar hafi raskast áfrýjanda í óhag. Það er því ósannað, að hann hafi ekki fengið þau laun eftir 4. mars 1983, sem hann mátti gera ráð fyrir að fá.

Ekkert liggur fyrir í málinu um efni reglna um svonefnd heiðurslaun eða starfsaldurslaun eftir 40 ára starf hjá stefnda né að eftir upplýsingum um það hafi verið leitað. Áfrýjandi þykir ekki hafa sýnt fram á, að slíkar greiðslur teljist til sammingsbundinna kjara, er hafi fylgt framkvæmdastjórastörfum hans.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Áfrýjandi varð framkvæmdastjóri Líftryggingafélagsins Andvöku og Endurtryggingafélags Samvinnutrygginga hf. 18. mars 1974, sama dag og annar maður var ráðinn framkvæmdastjóri stefnda, Samvinnutrygginga gt. Þessi þrenn störf höfðu áður verið á hendi framkvæmdastjóra stefnda eins saman, en áfrýjandi var þá aðstoðarframkvæmdarstjóri hans. Hinn 8. mars 1983 lét áfrýjandi af umræddum störfum með þeim hætti, að stöður hans voru í reynd lagðar niður sem sjálfstæð embætti, en dagleg framkvæmdastjórn félaganna aftur falin framkvæmdastjóra stefnda og aðstoðarmönnum hans. Áfrýjandi tók hins vegar við nýju starfi hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga, er metið var á borð við stöðu deildarstjóra, að því er launakjör snerti.

Á fundi sínum þennan dag lýsti stjórn stefnda því yfir, að hún myndi ábyrgjast, að áfrýjandi nyti „ekki lakari kjara við áframhaldandi störf innan samvinnuhreyfingarinnar en þeirra, er hann hefði notið við að gegna áfram fyrrnefndum framkvæmdastjóra-störfum“. Er réttilega á því byggt í hinum áfrýjaða dómi, að meta verði þessa stjórnarsamþykkt sem bindandi fyrirheit gagnvart áfrýjanda. Er ekki unnt að fallast á það með stefnda, að forsendur hennar hafi brostið í raun við gjaldþrot Endurtryggingafélagsins rúmu ári síðar, enda var ljóst á umræddum tímamótum, að brugðið gæti til beggja vona um framtíð þess. Stefndi hefur ekki gert grein fyrir öðrum breyttum aðstæðum hjá stefnda eða Sambandi íslenskra samvinnufélaga, er orðið gætu tilefni til endurskoðunar á efni þessarar skuldbindingar. Verður að líta svo á, að hún hafi haldist í gildi, meðan áfrýjandi var við störf hjá síðarnefnda fyrirtækinu, fram á árið 1990.

Skuldbinding þessi var efnd með þeim hætti, að áfrýjanda voru greidd mánaðarlaun og tiltekin hlunnindi umfram það, sem fyrirtækið taldi svара hinn nýju stöðu hans. Annaðist fyrirtækið greiðsl-

urnar til áfrýjanda, en fékk mismun endurgreiddan frá stefnda eftir árið. Kveðst áfrýjandi ekki hafa skipt sér af því, hvernig uppgjóri var hagað þeirra í milli. Fjárhæð heildarlauna hans án hlunninda fyrir hvert árana 1983-1988 er tilgreind í hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt umsögn í erindi fyrirsvarsmanna stefnda til áfrýjanda 17. ágúst 1987 voru þetta „sömu mánaðarlaun og framkvæmdastjórum Sambandsins, bankastjórum og hæstaréttardómurum eru greidd, svo að dæmi séu tekin“. Samanburður leiðir í ljós, að launin héldust mjög svipuð launum dómara við Hæstarétt öll þessi ár að frátöldu því, að áfrýjandi fékk tvöföld laun fyrir desembermánuð. Um samlíkingu við laun bankastjóra og framkvæmdastjóra Sambandsins er hins vegar erfiðara að fullyrða, enda hefur stefndi ekkert upplýst um hæð eða samsetningu þeirra.

Áfrýjandi tók við launum sínum án athugasemda fram á árið 1986, en hófst þá handa um að leita leiðréttingar, þar sem hann hefði orðið þess var, að mikill munur væri á þeim og launum framkvæmdastjóra stefnda. Tilmælum hans var hafnað eftir nokkra umræðu, og höfðaði áfrýjandi þá mál þetta.

Í málinu hefur áfrýjandi lagt fram tölur um árslaun framkvæmdastjóra stefnda á fyrrgreindu tímabili, sem áætlaðar voru eftir útsvari hans samkvæmt skattskrá. Í héraði naut ekki við annarra gagna um samanburðarlaun, en hér fyrir dómi hefur áfrýjanda tekist að leggja fram staðfestar upplýsingar um árslaun eins af framkvæmdastjórum Sambandsins þessi sömu ár ásamt upplýsingum um árslaun 1983-1987 til þess starfsmanns stefnda, sem lengst af gegndi stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra, eftir að áfrýjanda leið. Þessar upplýsingar staðfesta, að tölur áfrýjanda um laun framkvæmdastjóra stefnda séu marktækar í meginráttum, þótt á kunnni að skorta um fyllstu nákvæmni. Jafnframt gefa þær til kynna, að verulegs samræmis gæti milli launatekna framkvæmdastjórans og framkvæmdastjóra hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga. Eðlilegt er að taka mið af öllum þessum upplýsingum að því leyti, sem þær skipta máli, enda hefur stefndi ekkert aðhafst til að hrekja þær.

Áfrýjandi hefur ekki sannað, að hann hafi notið sömu launa og framkvæmdastjóri stefnda í störfum sínum fyrir 1983. Jafnframt hefur hann ekki sýnt fram á, að störf sín og framkvæmdastjórans hafi verið sambærileg að umfangi. Með tilliti til þessa og til orða

umræddrar stjórnarsamþykktar verður að fallast á það með stefnda, að hún hafi ekki veitt áfrýjanda rétt til sömu heildarlauna og framkvæmdastjóranum voru greidd á hverjum tíma. Hins vegar er ljóst af samþykktinni og því, sem á eftir fór, að hann átti tilkall til að verða metinn í hópi framkvæmdastjóra innan samvinnuhreyfingarinnar. Fær ekki staðist miðað við það, sem fyrr var rakið, að launagreiðslur til framkvæmdastjóra Sambands íslenskra samvinnufélaga og stefnda sjálfs skipti ekki máli við mat á efnudum hinnar umdeildu skuldbindingar.

Áfrýjandi virðist hafa tekið við launum sínum árin 1983-1985 án athugasemda um upphæð þeirra. Verður að ætla, að launin hafi í byrjun verið í nokkru samræmi við það, sem hann bar áður úr bótum. Fyrrgreindar tölur gefa til kynna, að framkvæmdastjóri stefnda hafi notið hærri launa en áfrýjandi árið 1983. Samkvæmt þeim námu laun áfrýjanda 1983 og 1984 tæplega 80% af launum framkvæmdastjórans, þegar þau ár eru tekin saman. Á árinu 1985 varð hins vegar sú breyting, að þetta hlutfall launa áfrýjanda féll niður í um 60%, og hélst sá munur með litlum breytingum út árið 1988. Svipuð breyting varð á sama tíma gagnvart launum þess framkvæmdastjóra Sambandsins, sem fyrr var getið, þótt nokkru hafi munað milli hans og framkvæmdastjórans sum árin. Einnig gerðist það á árinu 1984, að fyrrgreindur starfsmaður stefnda fór fram úr þeim launum, sem áfrýjanda voru greidd. Var munurinn lítill það ár, en mikill það, sem eftir var af ferli starfsmannsins.

Þessa þróun mála er nærtækast að skýra með því, að breyting hafi orðið árið 1985 á þeim forsendum, sem lagðar voru til grundvallar um reglubundin laun þessara manna. Hefur stefndi og ekki reynt að sýna fram á, að annað hafi komið til. Eins og málið liggur fyrir, verður við það að miða, að skýringin sé þessi og að breytinguna megi sjá í megindráttum af þeim launatölum, sem fram eru komnar. Þegar litið er til efnis umræddrar stjórnarsamþykktar og allra upplýstra atvika, sem málið varða, verður jafnframt að álykta, að áfrýjandi hafi átt lögmætt tilkall til þess, að heildarlaun hans yrðu látin fylgja þessari breytingu. Það gerðist ekki, heldur fylgdu þau óbreyttri viðmiðun.

Þann halla, sem áfrýjandi hefur þannig borið, er ekki unnt að meta með nákvæmni, eins og flutningi málsins er háttað. Með hlið-

sjón af afstöðu stefnda í því efni er eðlilegt að túlka hina umdeildu skuldbindingu á þann veg, að áfrýjandi hefði átt að halda sama hlutfalli gagnvart launum framkvæmdastjóra stefnda og á var í upphafi. Þegar árin 1983 og 1984 eru talin saman, kemur fram, að laun áfrýjanda hefðu þurft að hækka um tæplega 30% til að ná jöfnuði við framkvæmdastjórann. Er ekki ástæða til að bæta þann mun, heldur ber að líta til hins, að á árunum 1985-1988 hefði þessi hækkun þurft að nema meira en 60 af hundraði. Jafnframt má líta til þess, að áfrýjandi myndi nálgast laun umgetins aðstoðarframkvæmdastjóra, ef þessi aukni munur væri bættur, en ekki fara fram úr þeim.

Að öllu þessu athuguðu er það niðurstaða mín, að áfrýjandi eigi lögmæta kröfu til þess, að stefndi greiði honum sem svarar 30% álagi á fyrrgreind laun hans fyrir árin 1985 til og með 1988. Nemur það 363.560 krónum fyrstnefnda árið, hið næsta 455.306, síðan 634.506 krónum og loks 737.578 krónum. Samtals eru þetta 2.190.950 krónur, sem stefnda ber þá að greiða áfrýjanda með hæstu almennum innlánsvöxtum frá lokum hvers árs til 1. janúar 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt greiði stefndi honum 300.000 krónur upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. nóvember 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. október sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 10. janúar 1989, af Jóni Rafni Guðmundssyni tryggingaráðgjafa, Ölduslóð 2, Hafnarfirði, kt. 190428-3629, gegn Samvinnutryggingum gt., kt. 550269-0589, Ármúla 3, Reykjavík, til heimtu ógreiddra launa og fríðinda, viðurkenningar á hlunnindum, greiðslu vaxta og málskostnaðar.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 5.508.397 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða iðgjald í lífeyrisjóð stefnanda, Samvinnulífeyrissjóðinn, af dæmdum launagreiðslum, 6% fyrir tímabilið 4. mars 1983 til 1. júní 1986, en 7% frá þeim degi gegn mótframlagi stefnanda, fyrst 4%, en frá 1. júní 1986 að telja 4,5%.

2. Viðurkenndur verði réttur stefnanda frá 4. mars 1983 að telja og meðan hann er starfsmaður samvinnuhreyfingarinnar, til endurgjaldslausra afnota af bifreið, sem endurnýist á þriggja ára fresti og sé í sama gæðaflokki og bifreið framkvæmdastjóra stefnda.

3. Viðurkenndur verði réttur stefnanda til 30% afsláttar af iðgjöldum allra trygginga, sem hann hefur hjá stefnda, frá 4. mars 1983 að telja og meðan hann er í þjónustu samvinnuhreyfingarinnar.

4. Stefndi verði dæmdur skyldugur til að kaupa og halda í gildi slystryggingu fyrir stefnanda, sem sé jafnhá slystryggingu framkvæmdastjóra stefnda, svo lengi sem stefnandi er starfandi hjá samvinnuhreyfingunni.

5. Viðurkenndur verði réttur stefnanda til ókeypis ábyrgðar- og húftryggingar af eigin bifreið frá 4. mars 1983 að telja og meðan hann er í þjónustu samvinnuhreyfingarinnar, enda verði bifreiðin tryggð hjá stefnda.

6. Stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi stefnanda á grundvelli viðmiðunargjaldskrár LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Málsástæður.

Málsástæður stefnanda eru þær, að stefnandi hafi um árábil verið framkvæmdastjóri Líftryggingafélagsins Andvöku og Endurtryggingafélags Samvinnutrygginga. Hann hafi látið af þessum störfum 4. mars 1983 og þá tekið við starfi sem tryggingaráðgjafi Sambands íslenskra samvinnufélaga.

Af þessu tilefni hafi stjórn stefnda gefið út yfirlýsingu, dags. 4. mars 1983, að hún ábyrgðist, að stefnandi myndi ekki njóta lakari kjara við áframhaldandi störf innan samvinnuhreyfingarinnar en þeirra, er hann hefði notið við að gegna áfram fyrrnefndum framkvæmdastjórastörfum.

Við þetta hafi ekki verið staðið af hálfu stefnda og ekki fengist leiðrétting á þrátt fyrir langvarandi samningatilaunir, en stefnandi starfi enn sem tryggingaráðgjafi Sambands íslenskra samvinnufélaga.

Stefnandi miði launakjör sín við launakjör framkvæmdastjóra stefnda, enda hafi þessi tvö framkvæmdastjórastörf, framkvæmdastjórastarf Líftryggingafélagsins Andvöku og Endurtryggingafélags Samvinnutrygginga annars vegar og framkvæmdastjórastarf stefnda hins vegar, verið lögð að jöfnu um laun og önnur starfskjör, meðan stefnandi gegndi framkvæmdastjórastarfinu.

Því sé það skilningur stefnanda, að stefndi eigi að greiða sér mun á launum núverandi framkvæmdastjóra stefnda og þeim launum, sem stefnandi

ber úr bítum sem tryggingaráðgjafi Sambands íslenskra samvinnufélaga. Þetta nái ekki einvörðungu til launa, heldur annarra kjara, sbr. orðin í fundargerðinni frá 4. mars 1983, „..... að Jón njóti ekki lakari kjara“.

Stefnandi telji, að mikill misbrestur hafi orðið á þessu og launamunurinn, kjaramunurinn, hafi farið vaxandi, eftir því sem árin hafi liðið.

Þegar er stefnanda hafi orðið ljós launamunurinn, hafi hann farið að knýja á um leiðréttingu, en ekki haft erindi sem erfiði. Látið hafi verið líklega við hann, og í tvígang hafi verið talað um ákveðnar fjárhæðir, sem ætti að greiða í eitt skipti fyrir öll. Þessar fjárhæðir, sem nefndar hafi verið, hafi verið svo lágar, að stefnandi hafi ekki getað fallist á þær.

Þau kjör, sem stefnandi telji sig eiga tilkall til, séu:

1. Launamunur milli launa stefnanda og launa framkvæmdastjóra stefnda.

2. Endurgjaldslaus afnot af bifreið, sem endurnýist á þriggja ára fresti og sé í sama gæðaflokki og bifreið framkvæmdastjóra stefnda.

3. Stefnandi telji sig eiga rétt til 30% afsláttar af iðgjöldum allra trygginga, sem hann hafi hverju sinni hjá stefnda.

4. Stefndi verði skyldaður til að kaupa slysatryggingu handa stefnanda, jafnháa slysatryggingu framkvæmdastjóra stefnda.

5. Stefnandi fái ókeypis ábyrgðar- og húftryggingu fyrir eigin bifreið.

6. Heiðurslaun eftir 40 ára starf.

7. Risnukostnaður.

8. Áskrift að fjórum dagblöðum.

Tekið skuli fram, að framkvæmdastjóri stefnda hafi tvöföld laun í desember og stefnandi einnig. Launagreiðandi stefnanda sé talinn Samband íslenskra samvinnufélaga um öll launin, sem stefnandi beri úr bítum, en Samband íslenskra samvinnufélaga fái svo hluta launanna greiddan frá stefnda.

Ekki hafi fengist nákvæmar upplýsingar um launakjör framkvæmdastjóra stefnda. Stefnandi hafi því brugðið á það ráð að áætla tekjur framkvæmdastjóra stefnda á grundvelli upplýsinga um útsvar hans samkvæmt skattskrá. Laun framkvæmdastjóra stefnda fyrir árið 1988 hafi verið hækkuð til samræmis við muninn á launum stefnanda og áætluðum launum framkvæmdastjóra stefnda árið 1987. Laun stefnanda séu þá um 60% af launum framkvæmdastjóra stefnda hvort ár.

Útreikningurinn líti þannig út:

Ár	Laun stefnanda	Laun framkvstj. stefnda — áætlað	Mismunur
1983	kr. 686.911	kr. 910.911	kr. 224.000
1984	— 793.411	— 997.411	— 204.000

1745

1985	— 1.211.868	— 2.031.868	— 820.000
1986	— 1.517.688	— 2.467.688	— 950.000
1987	— 2.115.020	— 3.439.020	— 1.324.000
1988	— 2.458.595	— 3.933.752	— 1.475.157
			kr. 4.997.157
	Heiðurslaun		kr. 288.000
	Risna		— 100.000
	Áskrift		— 123.240
	Samtals		kr. 5.508.397

Fjárhæð þessi sé stefnufjárhæðin, og sé það skuldin miðað við 1. janúar 1989.

Heiðurslaunaliðurinn, 288.000 kr., byggist á venju þess efnis, að á árs-hátíð tryggingafélaga samvinnumanna séu greidd aukamánaðarlaun eftir 25 ára starf og eftir 40 ára starf. Árshátíðin 1988 hafi verið haldin í febrúar það ár, og hafi þeir þá verið verðlaunaðir, sem náð höfðu þessum starfsaldursmörkum.

Stefnandi hóf störf hjá stefnda 11. maí 1947 og hefði því átt að hljóta þessi verðlaun í byrjun febrúar sl. Launin, 288.000 kr., séu áætluð laun framkvæmdastjóra stefnda í febrúar 1988.

Framkvæmdastjóri stefnda njóti risnu, og hafi stefnandi áætlað þessa fjárhæð fyrir allan tímann, 1983 til 1988, 100.000 kr. Sýnist þessum lið mjög í hóf stillt.

Þá hafi framkvæmdastjórinn fengið áskrift fjögurra dagblaða. Dagblöðin kosti öll hið sama. Áskrift að Morgunblaðinu tímabilið 1. apríl 1983 til ársloka 1988 sé 30.810 kr. Áskrift að fjórum blöðum fyrir þennan tíma geri því 123.240 kr.

Þar sem ráðamenn stefnda hafi ekki viljað veita upplýsingar um launakjör framkvæmdastjóra stefnda, hvíli sönnunarbyrðin á stefnda um það, að launakjör framkvæmdastjóra stefnda séu önnur en stefnandi áætla.

Stefndi hafi gefið loforð, sem tryggt hafi stefnanda ekki lakari kjör en hann hefði notið, ef hann hefði verið áfram framkvæmdastjóri tryggingafélaganna. Við þetta hafi ekki verið staðið. Bent er á reglur samningaréttar um skuldbindandi gildi loforða, sbr. l. nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Um vaxtakröfu er skírskotað til 9. gr. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Um lifeyrisgjaldið er vísað til 2. gr. l. nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lifeyrissjóðsréttinda.

Sýknukröfu sína reisir stefndi á því, að þegar stefnandi lét af störfum 4. mars 1983, hafi verið mjög tvísýnt um framtíð Endurtryggingafélagsins. Reksturinn hafi gengið illa mörg undanfarin ár, einkum vegna misheppn-

aðrar spákaupmennsku á erlendum endurtryggingamarkaði. Til þess að komast til botns í þeim málum, sem félagið var flækt í, hafi verið nauðsynlegt að skipta um framkvæmdastjóra, en menn hafi þó gert sér vonir um, að unnt væri að komast hjá gjaldþroti félagsins. En Endurtryggingafélagi Samvinnutrygginga hf. varð ekki bjargað, og var félagið úrskurðað gjaldþrota 22. júní 1984.

Ekki verði farið út í orsakir gjaldþrotsins, en ljóst sé, að stefnandi hafi átt verulega sök á því, að svona fór og að þau ár, sem hann var framkvæmdastjóri Endurtryggingafélagsins, hafi hann ekki unnið til sérstakrar viðurkenningar eða verðlauna fyrir stjórn sína. Þrátt fyrir þetta hafi stefnandi verið látinn njóta fyrri starfa og langs starfstíma í þágu Samvinnutrygginga, Endurtryggingafélagsins og Andvöku.

Sama dag og stefnandi lét af störfum framkvæmdastjóra hafi verið ákveðið að fela Samvinnutryggingum daglegan rekstur Líftryggingafélagsins Andvöku í þeim tilgangi að gera rekstur félagsins hagkvæmari. Þessi þáttur í störfum stefnanda hafi því verið lagður niður.

Ályktun stjórnar Endurtryggingafélagsins 4. mars 1983 byggist á því, að starf framkvæmdastjóra héldist áfram, þó að stefnandi flyttist í annað starf. Hún hafi ekki heldur gert ráð fyrir því, að stefnandi nyti umræddra kjara, ef hann hætti störfum hjá samvinnuhreyfingunni. Forsendur fyrir áframhaldandi greiðslum til stefnanda, þ. e. sömu mánaðarlaunum og framkvæmdastjórum Sambandsins voru greidd, hafi raunverulega verið brostnar við gjaldþrot Endurtryggingafélagsins. Samt sem áður hafi stefnanda áfram verið greidd sömu laun, þótt ráðamönnum Sambandsins hafi verið í löfa lagið að segja honum upp störfum.

Stefnandi leggi rangan og allt of viðtækan skilning í ályktun stjórnarfundarins frá 4. mars 1983. Samanburður við framkvæmdastjórastarf Samvinnutrygginga sé alrangur. Stefnandi hafi aldrei haft sömu launakjör og framkvæmdastjóri Samvinnutrygginga, enda umfang starfanna gerólikt. Upplýsingar um launakjör framkvæmdastjóra Samvinnutrygginga séu máli þessu því alls kostar óviðkomandi.

Ef stefnandi hefði gegnt fyrra starfi sínu áfram hjá Endurtryggingafélaginu, hefði hann í síðasta lagi látið af störfum við gjaldþrot félagsins í júní 1984, nema honum hefði verið sagt upp fyrr. Um framkvæmdastjórastarf hafi því ekki verið að ræða eftir þann tíma.

Frá þessum tímamarki hafi því, eins og áður segi, verið brostin forsenda fyrir samþykkt stjórnarinnar frá 4. mars 1983. Í tæp fimm ár eftir þetta hafi stefnanda verið greidd sömu mánaðarlaun og framkvæmdastjórum Sambandsins séu greidd, og séu það sömu laun og bankastjórar og hæstaréttardómarar hafi, fyrir starf, sem í launalegu tilliti sé langt fyrir neðan þessa viðmiðunarhópa. Á sl. ári hafi greidd laun stefnanda numið

2.458.595 kr., sem muni vera 13 mánaða laun. Ekki verði því annað sagt en vel hafi verið gert við stefnanda.

Ályktun stjórnar Samvinnutrygginga frá 4. mars 1983 lúti eingöngu að greiddum launum, og sé fráleitt að halda því fram, að stjórnarmenn hafi verið með í huga þau atriði, sem talin eru upp í 2.-8. í greinargerð lögmanns stefnanda.

Sé þessum kröfum öllum mótmælt í heild og einstökum liðum. Sé ekki ástæða til þess að fjölyrða um þetta, en tekinn sé sem dæmi liður 6, heiðurslaun eftir 40 ára starf. Stefnandi hafi ekki unnið í 40 ár hjá Samvinnutryggingum, og síðustu ár hans hjá Endurtryggingafélaginu hafi ekki verið tilefni til sérstakra heiðurslauna.

Um lið 7. Starf það, sem stofnað hafi verið fyrir stefnanda, hafi ekki gefið tilefni til að greiða honum sérstaka risnu vegna þess. Engar slíkar skyldur fylgi því.

Niðurstaða.

Samþykkt sú, sem stefnandi reisir kröfur sínar á, var gerð á stjórnarfundi 4. mars 1983. Samkvæmt fram lögðum útdrætti úr fundargerðabók sat stefnandi þennan fund, og liggur ekki annað fyrir en yfirlýsingin hafi verið kynnt honum á þessum fundi. Verður hún því talin bindandi loforð um kjör stefnanda þann tíma, sem tilgreindur er í samþykktinni, enda hefur stefndi ekki sýnt fram á, að forsendur fyrir efdum hafi brostið.

Í samþykktinni er kveðið á um, að stefnandi skuli ekki njóta lakari kjara við áframhaldandi störf innan samvinnuhreyfingarinnar en þeirra, er hann hefði notið við að gegna áfram fyrri framkvæmdastjórastörfum sínum. Verður að skýra þetta ákvæði þannig, að það feli í sér öll laun og launatengd hlunnindi, sem stefnandi hefði haft sem framkvæmdastjóri nefndra félaga, þar sem yfirlýsingin kveður ekki afdráttarlaust á um það, að einungis skuli átt við fastar mánaðargreiðslur.

Stefnandi hefur ekki lagt fram samning um ráðningarkjör sín hjá stefnda, er hann tók við starfi framkvæmdastjóra Andvöku og Endurtryggingafélags Samvinnutrygginga, en stefnandi hefur upplýst, að slíkur samningur var gerður og að efni hans hafi verið það, að stefnandi væri ráðinn framkvæmdastjóri Líftryggingafélagsins Andvöku og Endurtryggingafélags Samvinnutrygginga, uppsagnarfrestur af beggja hálfu væri sex mánuðir og að laun yrðu á hverjum tíma eftir því, sem stjórnin ákvæði.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að sér hafi alltaf skilist, að laun framkvæmdastjóra Líftryggingafélagsins Andvöku og Endurtryggingafélags Samvinnutrygginga hefðu síðustu árin, sem hann gegndi því starfi, verið miðuð við laun bankastjóra Landsbankans og sum árin við laun hæstaréttardómara.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að laun stefnanda hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga hafi miðast við laun bankastjóra og hæstaréttar-dómara, og hefur því ekki verið andmælt af hálfu stefnanda, og er viðurkennt af hans hálfu, að hann hafi haldið sömu mánaðarlaunum, er hann hóf störf hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga, og hann hafði áður, og því ekki verið mótmælt, að laun hans hafi hækkað á starfstímanum í samræmi við aðrar launahækkanir í þjóðfélaginu á þeim tíma.

Af hálfu stefnanda hefur hins vegar ekkert verið fært fram, sem styður þá fullyrðingu hans, að laun hans hjá stefnda hafi fylgt launum framkvæmdastjóra Samvinnuþrygginga, hvorki við ráðningu hans þar né síðar. Þykir það því ekki hafa áhrif á niðurstöðu þessa máls, að stefndi synjaði um upplýsingar um launakjör framkvæmdastjóra Samvinnuþrygginga, enda virðast aðilar sammála um, að mánaðarlaun stefnanda fylgdu þeim viðmiðunaraðilum í raun, sem áður greinir.

Samkvæmt framansögðu þykir upplýst, að stefnandi hafi fengið greidd þau mánaðarlaun, sem hann átti rétt á og fólust í því loforði, sem gefið var með áðurgreindri stjórnarsamþykkt 3. mars 1983 og hann reisir kröfur sínar á.

Krafa stefnanda um greiðslu iðgjalds í lífeyrissjóð stefnda er með vísan til framanritaðs ekki tekin til greina.

Þá krefur stefnandi enn fremur um ýmis hlunnindi, sem hann telur, að hafi fylgt starfi sínu hjá Lífþryggingafélaginu Andvöku og Endurþryggingafélagi Samvinnuþrygginga og hafi falist í fyrrgreindri stjórnarsamþykkt. Eru hlunnindi þessi talin upp í sjö liðum í greinargerð stefnanda. Þrjú þessara kröfuliða eru innifaldir í stefnuþjárhæð, en það eru heiðurslaun eftir 40 ára starf, risnukostnaður og áskrift að dagblöðum.

Af hálfu stefnda er öllum þessum kröfuliðum mótmælt.

Ósannað er gegn andmælu stefnda, að heiðurslaun hafi verið hluti af kjörum starfsmanna tryggingafélaga samvinnumanna eftir 40 ára starf og veitt öllum starfsmönnum án tillits til þess, hvernig starf var innt af hendi, enda verður að telja, að í orðinu felist laun, sem veitt séu í heiðursskyni, og sé það á valdi þess, sem þau veitir, að meta, hvenær og hvort starfsmaður hefur unnið til slíks.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að meðan hann gegndi framkvæmdastjóra-starfi hjá Andvöku og Endurþryggingafélaginu, hafi risna verið greidd samkvæmt reikningi af innkaupum til veitinga eða samkvæmt reikningi frá veitingastöðum. Samkvæmt þessum framburði stefnanda er ljóst, að risna var ekki hluti af föstum launakjörum stefnanda, heldur greiðsla á útlögðum kostnaði stefnanda í þágu félaganna. Með vísan til þessa og með því að stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi borið slíkan kostnað, eftir að hann lét af fyrri störfum sínum, er þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um aðra kröfuliði, sem stefnandi tilgreinir undir liðum 2 til 5 og 8 í greinargerð sinni og áður eru raktir, er það að segja, að engin gögn hafa verið lögð fram um þau hlunnindi, sem stefnandi krefur stefnda um samkvæmt þessum liðum. Þykir stefnandi ekki gegn andmælum stefnda hafa sýnt fram á, að þau hafi verið hluti launakjara hans, meðan hann starfaði sem framkvæmdastjóri Líftryggingafélagsins Andvöku og Endurtryggingafélags Samvinnutrygginga, hvorki með ráðningarsamningi, launaseðlum, skattframtölum né öðrum gögnum. Ber því með hliðsjón af framansögðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðilar beri hvor sinn kostnað af máli þessu. Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Samvinnutryggingar gt., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Rafns Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
